

Heitt vatn fannst við bakka Ölfusár



Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Rannsóknarborholan SE-45, sem verið er að bora á bökkum Ölfusár við Selfossveg, hefur reynst gjöful, en um 85 gráðu heitt vatn fannst þar á 888 metra dýpi á fimmtudag í síðustu viku. Þetta vatn verður hugsanlega hægt að nýta til virkjunar, reynist það í nægilegu magni og efnainnihald þess í lagi.

Síðustu ár hefur svæðið á suðaustur bakka Ölfusár verið kannað, allt frá Tryggvaskála niður að Geitaðarnesi. „Við höfum verið að kanna svæðið með rannsóknarholum og benti hola, sem við boruðum við Tryggvaskála, á að á svæðinu væri jarðhita að finna, en þar hittum við ekki á neitt vatn. Okkar ráðgjafar, sem eru jarðfræðingar og sérfræðingar hjá ÍSOR, ráðleggja okkur um staðsetningu á þessum rannsóknarholum og framkvæmdin er unninn með þeim,“ segir Sveinn Ægir Birgisson, formaður í eigna- og veitunefndar Árborgar.

„Við ákáðum að bora við Selfossveg fyrir aftan Hótel Selfoss út frá þeim upplýsingum og vísendingum sem við höfum fengið við rannsóknarleit. Þar spilar holan við Tryggvaskála og SE-40, sem er nýjasta vinnsluholan okkar, sunnan við Slátturfélag Suðurlands stóran part,“ bætir Sveinn Ægir við.

Í janúar ræddi blaðamaður Dagskrár-

innar við Sigurð Þór Haraldsson, veitustjóra hjá Selfossveitum um borholuna, þar sem hann kvað rannsóknir lofa góðu og sagði að nýjar lagnir ættu að gera þeim kleift að veita vatninu, sem hugsanlega fyndist í nýju holunni, beint niður Kirkjuveg.

Gæti tekið eitt ár að koma vatninu inn á kerfið, sé það vinnanlegt

Holan við Selfossveg er svokölluð rannsóknarborhola, með þeim möguleika á að breyta yfir í vinnsluholu, og fannst sem fyrr segir 85 gráðu heitt vatn í henni á 888 metra dýpi fyrir helgi. „Það á þó eftir að gera fleiri og betri mælingar á hitastiginu til að fá nákvæmari niðurstöður. Auk þess á margt eftir að gerast á næstunni og á eftir að rannsaka hvað holan gefur í raun. Næst er að kanna hve mikið magn af vatni sé að finna þarna og hvernig efnainnihaldið í vatninu er. Ef þær mælingar skila góðum árangri mun virkjun á holunni hefjast. Þá þurfum við að breikka og fœðra hana, ásamt því að setja niður dælu og byggja vinnsluhús. Það geti því liðið allt að ár þannig til þetta vatn kæmst inná kerfið okkar ef það er vinnanlegt,“ segir Sveinn Ægir að lokum.

HGL

Hafnartúnshúsið gerónýtt

Stórtjón varð síðasta laugardags- skvöld er eldur kviknaði í hinu sögufræga Hafnartúnshúsi í miðbæ Selfoss, en í Facebook-færslu lögreglunnar á Suðurlandi segir að húsið sé gerónýtt, þrátt fyrir að það standi enn.

Mikill eldur hafði brotist út þegar slökkvilið bar að garði um átta leytid og að sögn Lárusar Kristins Guðmundssonar, varaslökkviliðsstjóra Brunnarvarna Árnassýslu, gekk slökkvistarf vel og var að mestu lokið um klukkan eitt.

Um 25 slökkviliðsmenn voru kallaðir út vegna brunans og voru síðustu menn að fara af svæðinu um þrjú leytid. Ekki er talið að neinn hafi verið í húsinu þegar eld bar að, sem er á tveimur hæðum með kjallara og háalofti. Lárus segir mikla mildi að þeim hafi tekist að forða gamla timburhúsinu frá því að brenna til grunna, enda mikill elds-matur í því, útveggirnir séu þar að auki einangraðir með spæni og því sérlega eldfimrir.

HGL



Slökkviliðsmenn að störfum sl. laugardagskvöld. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

**Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi**



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



SUB EHF

HLJÓÐ - LJÓS - MYND
ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST

subkerfi@gmail.com 8467713

**OPIÐ
Í FSU**

ÞRIÐJUDAGINN 19. MARS
KL. 16:30-18:00

Bjóðum 10. bekkinga og forráðamenn þeirra sérstaklega velkomna og fá svör við ýmsum spurningum sem upp koma þegar verið er að ígrunda framhaldsskólanám.

Kynnt verður fjölbreytt námsframboð skólans, bæði bóknám og iðn- og starfsnám.

**KJÖRIÐ TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ SKOÐA GLÆSILEG
HÚSAKYNNI SKÓLANS**

FJÓLMARGAR STUDENTSBAUTIR BÆÐI Í BÓKNÁMI OG STARFSNÁMI
FJÖLBREYTT BÓKNAM OG STARFSNAM // ÍBÓTTAÁKAÐEMILUR
GRUNNMENTABÓR // SERNÁMSBRAUT // ÖFLUGT FÉLAGSLÍF

FSU

FJÖLBREYTTI
NÝSKÖPUN
UPPLÝSING

Mikil eftirvænting við opnun fjögurra listsýninga

Fjórar sýningar opnuðu í Listasafni Árnesinga fyrstu helgina í mars, en þau Erla S. Haraldsdóttir, Hrafnkell Sigurðsson, Kristinn Már Pálmason og Sigga Björg & Mikael Lind eru listafólkið sem stendur að baki þeim. Um þúsund manns sóttu sýningarnar heim á fyrsta opnunardeg og var eftirvæntingin mikil.

Aðgangur að safninu er gjaldfrjálst og er það opið frá 12-17 alla daga nema mánudaga.



Brooks á Íslandi og Fætur Toga styrkja íþróttafélög um skó fyrir 13 milljónir

Selfyssingurinn Fjola Signý Hannesdóttir og eigandi Run2 ehf., sem bæði rekur heildverslun og íþróttavöruslunina Fætur Toga, hefur styrkt fimm íþróttafélög á landinu með nýjum íþróttaskóm. Iðkendur og hjálfarar í meistaraflokkum fimm liða fengu að þessu sinni skópar frá Brooks að eigin vali, en heildarupphæð styrksins til félaganna nemur rúmlega 13 milljónum króna.

Skrapaði saman fyrir skóm með því að selja rabarbara úr sveitinni

„Ef maður getur styrkt eða hjálpað til á maður að gera það. Sjálf var ég íþróttakona sem hafði ekki efni á að kaupa mér góða skó og leitaði allra leiða til að skrapa saman fyrir keppnisferðum, t.d. með því að selja rabarbara úr sveitinni,“ segir Fjola Signý og bætir við að hún viti vel hversu mikið hágæða skór geti hjálpað íþróttafólki að ná betri árangri og nefnir hversu þakklát hún var að hafa sjálf fengið skó í styrk



Mynd: Sunnlenska.is/Guðmundur Karl.

frá innflutningsaðila Brooks á sínum tíma. „Ég vildi að ég gæti gefið meira en ég er búin að fara núna rúmlega yfir það sem ég get gefið, allavega þetta árið.“

Gefur til baka

Meðal félaga sem fengu styrk var UMF Selfoss, en það er einmitt heimabær Fjólu Signýjar, sem hefur alltaf æft og keppt undir merkjum Selfoss í frjálsum. „Íþróttirnar hafa komið mér

á þann stað sem ég er í dag og er ég því að reyna að gefa eitthvað til baka,“ segir hún að endingu.

Félögin sem fengu styrk eru meistaraflokkur Selfoss í frjálssíþróttum og fimleikum, karla og kvennalið meistaraflokka Selfoss í hand- og fótbolta, Grindavíkur í handbolta, Vals í hand- og fótbolta, ÍR í handbolta og KR í fótbolta.

Brooks skór fást í verslunum um land allt.



- Bein innspýting
- 4x4
- Driflæsing
- Rafstýri
- Sjálfskipt CVT

1.690.000 kr.
Án vsk. **1.362.903,-**






AFLVÉLAR

TRAUSTUR SAMSTARFSÁÐILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



ÓDÝRSTA ELDSNEYTIÐ OKKAR Á SELFOSSI



„Illa ígrunduð ákvörðun stjórnenda Hveragerðisbæjar“

Að gefnu tilefni:

Á dögunum átti ég leið um Sunnumörk, húsnaði það í Hveragerðisbæ þar sem Bónus, bakarí, Bókasafnið í Hveragerði, lyfjabúð, vínúð og ýmis önnur þjónustufyrirtæki eru til húsa. Þarna hefur verið upplýsingamiðstöð ferðamála ásamt pósthjónustu í rúma tvo áratugi. Nú bregður svo við að upplýsingamiðstöð þessari hefur verið lokað og opnuð í gömlu húsi í Breiðumörk 21, gegnt ráðhúsi Hveragerðisbæjar við aðalgötu bæjarins.

Satt best að segja hrökk ég við að sjá þetta og átti sama dag gott samtal við starfsmann bókasafnsins um málið. Þessi bygging varð fyrir tjóni í jarðskjálftunum síðdegis 17. júní 2000 en þá var hafin bygging hússins. Skemmdust sökkjar og alldjúp sprunga teygði sig þvert um norðaustur horn þess. Arkitektinn brást fljótt við og endurhannaði húsið með hliðsjón af þessum breyttu aðstæðum. Tókst honum vel til enda átti hann þá frábæru hugmynd að nýta sprunguna til að draga athygli ferðafólks að því. Því var upplýsingamiðstöðin á hárréttum stað og hefur notið mikillar aðdáunar meðal ferðamanna sem inn í það hafa komið. Þarna hafa ýmis ummerki verið sýnd,

myndefni og sjá hefur mátt upp-tökur úr öryggiseftirlitsmynda-vélum. Já, þarna mátti virða fyrir sér mátt náttúunnar að móta verk okkar mannfólksins.

Ég tel þessa ákvörðun stjórnenda Hveragerðisbæjar vera afar illa grundaða að flytja þessa starfsemi inn í gamalt hús sem nýtur ekki þessarar sérstöðu að draga til sín ferðafólk. Þarna er fremur þröngt um og lítið af bílastæðum, hvað þá fyrir stóra hópferðabíla með jafnvel yfir 70 farþegum hver. Í verslunarmiðstöðinni hefur fólk auk þess aðgang að upplýsingum og hreinlætisaðstöðu möguleika á að kaupa þjónustu og veitingar í bakaríinu, apótekinu og Bónus ásamt hraðbanka. Hefur allt þetta oft verið vel nýtt. Ég hef starfað sem leiðsögumaður síðan 1992 og oft er þarna tilefni að annarri Íslandsferð. Þarna hefur verið gott tilefni að hafa hádegishlé í lengri ferðum enda öll þjónusta til staðar.

Þá er ein hlið þessa máls sem snýr að rétti arkitektsins til hugverks síns. Hvort hafi verið samið við hann er mér ekki kunnugt en það er ekki hlutverk mitt að setja mig inn í þau mál.

Þegar við hugum að því nýjasta sem er að gerast í okkar ferðamálum þá vekja breytingarnar af völdum jarðelds og jarð-

skjálfta mikla athygli hvarvetna meðal erlendra ferðamanna. Við Íslendingar eigum að kappkosta að koma sem best á móts við gestina okkar og koma upp sem bestri aðstöðu fyrir þá til skoðunar og að fræðast um þessi miklu öfl sem gjörbreyta ýmsu á stuttum tíma.

Í Grindavík er t.d. laskað íþróttahús með djúpri gjá og það hús verður vart notað í þágu íþróttanæstu árin og jafnvel áratugi. Vel mætti hugsa sér að koma þarna upp mjög góðri aðstöðu fyrir ferðafólk að virða fyrir sér þessi skelfilegu ummerki sem eru varin fyrir ytri öflum náttúrunnar, veðri og vindum meðan byggingin er traust og þakið þét.

Vil ég vekja athygli allra á þessu máli og hvet til að eiga samstarf við sem flesta hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Beini ég sérstaklega til bæjaryfirvalda í Hveragerðisbæ að taka þessa ákvörðun til endurskoðunar og færa til fyrra horfs enda er upplýsingaþjónusta fyrir ferðafólk einstaklega vel í sveit sett þar sem hún hefur verið í meira en tvo áratugi.

Vinsamlegast,
Guðjón Jónsson,
þýskumælandi leiðsögumaður
síðan 1992, staddur á Heilsu-
hælinu í Hveragerði.

Fella trén við Austurveg til að bæta umferðaröryggi

Samkvæmt tilkynningu frá Sveitarfélaginu Árborg stendur til að fella trén sem standa við Austurveg á Selfossi til að bæta umferðaröryggi við veginn. Vegagerðin hafði óskað eftir samstarfi við sveitarfélagið um framkvæmdina sem samþykkt var á fundi umhverfisnefndar Árborgar þann 5. mars sl.

Mikill umferðarþungi er á svæðinu frá Tryggvatorgi að Sigtúni og stendur til að setja upp girðingu í miðeyjuna til að beina gangandi fólki að gangbrautinni og tryggja þannig öryggi þess. Aðgerðin felur í sér að trjágróðurinn sem er þar fyrir verði fjarlægður og ný, smærri tré sett í staðinn, auk blóma-



kassa á girðinguna með svipuðum hætti og er við Tryggvatorg í dag.

Fram kom í umferðaröryggisrýni að gróðurinn sem þrýðir veginn í dag skerðir sjónlínur ökumanna og skapar hættu gagnvart annarri umferð og gangandi vegfarendum. Vegagerðin mun

sjá um framkvæmdir á eyjunni og uppsetningu grindverks en sveitarfélagið um að fjarlægja gróður og uppsetningu nýrra trjáa og blómakerja.

Stefnt er að því að hefja framkvæmdir sem fyrst og áætluð verklok eru í maí/júní.



Hinsegin vikan í Árborg

Hinsegin vikan var haldin í þriðja sinn í Árborg vikuna 26. febrúar til 1. mars síðastliðinn. „Það er gaman að sjá hvað allt samfélagið er tilbúið að sýna samstöðu og taka þátt í þessum degi með okkur. Leikskólar, skólar og frístundaþjónustan voru með litríka og skemmtilega dagskrá þar sem meðal annars var unnið með regnbogapema. Fjölmargar stofnanir sveitarfélagsins ásamt fyrirtækjum tóku þátt og víðsvegar var regnbogafánun flaggað,“ segir Ellý Tómasdóttir, forvarnarfulltrúi og forstöðumaður frístundahúsa Árborgar í samtali við Dagskrána.

„Félagsmiðstöðin Zelsíuz var með ýmislegt á dagskrá sem tengist hinseginleikanum og GK bakarí var með til sölu regnbogarúllu sem sló heldur betur í gegn. Öllum krökkum í fyrsta bekk í sveitarfélaginu var færð bókin Vertu þú að gjöf frá forvarnarteymi Árborgar og útibúum bankanna hér í Árborg. Við erum virkilega þakklát fyrir að bankarnir hafi tekið vel í að styrkja bókakaupin og þannig gert okkur kleift að geta fært þeim þessa fallegu bók,“ bætir Ellý við.

Íbúum var að auki boðið upp á fræðslu frá Sólveigu Rós um hinseginleikann. „Sólveig er foreldra- og uppleiddisfræðingur með sérhæfingu í

hinsegin málum og fjölbreytileika. Fræðslan var virkilega einlæg og fræðandi. Bókasafnið var með hinsegin þema hjá sér og fékk til sín Margréti Tryggvadóttur rithöfund sem hefur meðal annars skrifað bækurnar Sterk og Stolt, sem fjalla um trans stúlkur af einlægni og virðingu, en Sterk hlaut einmitt Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur árið 2021. Vikan endaði svo á regnbogadegi þar sem öll voru hvött til að klæðast fötum í öllum regnbogans litum og fagna saman fjölbreytileikanum,“ segir Ellý og brosir breitt.

Við erum öll í þessu saman
„Vikan gekk virkilega vel og höfum við trú á því að hún hafi opnað hug íbúa fyrir mál-efninu. Við getum samt alltaf gert meira og þess vegna er svo mikilvægt að halda áfram að auka fræðslu, skapa umræður og vera sýnileg. Sýnileiki er eitt sterkasta vopnið gegn hatrí, fáfræði og fordómum. Því er mikilvægt að hinsegin vikunni sé haldið vel á lofti og hún gerð enn glæsilegri með hverju árinu sem líður. Hinsegin barátta á ekki bara að vera barátta þeirra sem tilheyra hinsegin samfélaginu, þetta er barátta alls samfélagsins og mikilvægt að við stöndum saman,“ segir Ellý að lokum.

HGL

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.

Blámaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaleið: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Á mínu hjóli undin er,
einnig gömul tunna ber.
Mínus einn er mannkyns ból,
margan festi knapastól.

Svar við gátu í blaði 2742: **VELLA**
3. Hitavella, smá lasleiki



Endurnýjaður Kjalvegur gæti reynst „farsælli en nokkurn gæti órað fyrir“

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps telur mikla möguleika felast í uppbyggingu Kjalvegur og samþykktu samhljóma umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um endurnýjun vegarins yfir kjöl með einkaframkvæmd, á fundi sínum þann 7. mars sl.

Í tilkynningu frá Hrunamannahreppi segir að sveitarstjórn telji mikla möguleika felast í uppbyggingu Kjalvegur og að þau hvetji þingmenn til að veita tillogunni brautargengi. „Slíkt yrði farsælla en nokkrun gæti órað fyrir.“

„Kjalvegur sem byggður yrði upp sem heilsársvegur með fullri burðargetu gæti gjörbreytt umferð um landið og stuðlað að breytingu í byggðamynstri og uppbyggingu í hinum dreifðari byggðum. Með betri vegi sem tryggir styttri ferða-

tíma milli landshluta yrði til nýtt flæði milli Suðurlands og Norðurlands með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á ferðabjónustu og atvinnulíf almennt,“ segir í tilkynningunni.

Myndi stytta ferðalagið milli Flúða og Akureyrar um 224 kílómetra

Þá kemur einnig fram í tilkynningu að með nýjum og betri Kjalvegi myndi vegalengdin milli Flúða og Akureyrar stytta um 224 km og verða tveggja og hálf títíma ferðalagið, ólíkt því fimm klukkustunda og 49 mínútna ferðalagi sem það tekur í dag.

Jafnframt minnir sveitarstjórn á mikilvægi þess að finna veginum besta mögulega stað og vilja að reynt verði að sneiða hjá snjóþungum og veðurfarslega erfiðum svæðum, en Bláfellsháls hafi oft verið nefndur sem fartálmi í því samhengi.

Margmála ljóðakvöld á fimmtudaginn

Bókabæirnir austanfjalls í samvinnu við Tónlistarskóla Árnesinga efna til Margmála ljóðakvölds fimmtudagskvöldið 21. mars næstkomandi klukkan 20.00 í Listasafni Árnesinga. Sá dagur er skilgreindur hjá UNESCO sem alþjóðlegur dagur ljóðsins. Hugmyndin að baki þessari dagskrá liggur í því að fá fólk af fjölbreyttum uppruna og tungumálum til að sameinast og finna til skyldleika í gegnum ljóð og tónlist.

Dagskráin er enn í mótun en flutt verða ljóð á búlögorsku, spænsku, gelísku, dönsku, færeysku og kínversku auk ís-

lensku svo eitthvað sé nefnt. Rómansa eftir Árna Björns-son verður flutt af nemandi og kennara tónlistarskólans. Opinn hljóðnemi (open mic) verður að formlegri dagskrá lokinni. Þeir sem áhuga hafa á að flytja ljóð á sínu tungumáli eru beðnir að senda ósk á netfangið jonozur@gmail.com í síðasta lagi mánudaginn 18. mars næstkomandi.



Umgangspestir! Hvað svo?

Uppköst, niðurgangur, illt í maga og jafnvel hiti

Það er eðlilegt að barnið hafi ekki matarlyst

Umgangspestir ganga yfirleitt hratt yfir en geta varað í 7 daga

Hafðu auga með að barnið pissi og að þvagjið sé ekki dökkt eða með lykti illa

Vertu viss um að barnið fái að drekka, helst eitthvað sem inniheldur bæði sölt og sykur, ekki eingöngu vatn. Best að gefa nokkra sopa í einu.

Umgangspestir eru smitandi. Þvíð reglulega hendur.

Hafðu samband við heilbrigðisstofnun ef:

Erfitt er að ná sambandi við barnið

Það finnur meira og meira til í maga

Er með háan hita í meira en 3-4 daga

Brjótum smitkeðjuna

Þvóm hendur og verum heima þar til við erum orðin einkennalaus

Starf í orlofshúsabyggð VR í Miðhúsaskógi

VR leitar að einstaklingi til starfa í orlofshúsabyggð félagsins í Miðhúsaskógi. Um er að ræða fullt starf og mun viðkomandi vinna náið með umsjónaraðila svæðisins og leysa hann af þegar við á.

VR er stærsta stéttarfélag landsins með um 40.000 félaga og rekur fjölda orlofshúsa víða um land. Í orlofshúsabyggðinni í Miðhúsaskógi eru alls 27 orlofshús auk tjaldsvæðis fyrir félagsfólk sem opið er yfir sumarmánuðina. Starfsfólk VR í Miðhúsaskógi hefur einnig umsjón með fimm orlofshúsum félagsins í Grímsnesi.

Helstu verkefni eru:

- Þjónusta og samskipti við leigutaka (leigjendur orlofshúsa VR).
- Yfirferð á orlofshúsum milli þess sem þau eru í útleigu.
- Almennt eftirlit með orlofshúsunum og umhverfi þeirra.
- Samskipti við verktaka vegna viðhalds og framkvæmda í orlofshúsum.

Meðal hæfniskrafa eru:

- Þjónustulund, færni í samskiptum og jákvæðni.
- Handlagni og útsjónarsemi.
- Samviskusemi og dugnaður.

Nánari upplýsingar um félagið og starfsemi þess má finna á www.vr.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Emil Gústafsson (emil@vr.is). Umsókn og upplýsingar um menntun og fyrri störf sendist til VR, Kringlan 7, 103 Reykjavík eða á netfangið umsokn@vr.is.

Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2024.

VR



Eyravegur 51,
800 Selfoss
Sími 590-6996

AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á hestakerruna?



Skoðunarmánuður hestakerra fylgir endastaf á númeri hennar!

ÚTBOÐ



Olíudreifing

Endurbætur á orlofshúsi Ásabyggð 24, 845 Flúðum

Olíudreifing ehf óskar eftir tilboðum í „Endurbætur á orlofshúsi starfsmannafélags Olíudreifingar ehf.“ staðsett í Ásabyggð 24, 845 Flúðum.

Helstu magntölur:

Útskipti á vegg og loftklæðningum	100 m ²
Endurnýjun gólfefna	52 m ²
Uppsetning á nýrri eldhúsinnréttingu	
Útskipti á þakstáli	75 m ²
Útskipti á handriði umhverfis pall	20 m
Útskipti á heitum potti ásamt stýringu	

Verki skal lokið eigi síðar en 06/05/2024. Útboðsgögn verða send í tölvupósti til verk-taka. Senda skal tölvupóst á gks@odr.is til að fá útboðsgögn á rafrænu formi og skal til-boðum skilað á sama netfang eða á skrifstofu Olíudreifingar ehf Hólmaslóð 8, Reykjavík.

Tilboð verða opnuð á sama stað 05/04/2024 kl. 11:00.

Vettvangsskoðun fer fram 18/03/2024 kl. 11:00. og skulu áhugasamir tilkynna þátttöku með tölvupósti.

Hannyrðahornið

Guttagolla



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Uppskrift:

Póra Þórarinsdóttir

Uppskrift okkar að þessu sinni er að hnepptri smábarnapeysu. Garnið er Lillemor frá Permin, yndislega mjúk vistvæn merinoull sem er einkar áferðarfallæg og á mjög góðu verði. Peysan er prjónuð fram og til baka, neðan frá og upp.

Mynstur: Mynstrið samanstendur af 10 umferðum, fyrst 6 umf slétt prjón (prjónað brugðið á röngunni) með lit 1, skiptið yfir í lit 2 og prjónið 1 umf sl, svo 3 umf perluprjón, (1 sl, 1 br út umferðina, í næstu umf er prjónuð slétt í yfir brugna og brugðin í yfir slétta og aftur í þriðju umferð).

Stærðir: lárs - 2ja - 3ja - 4ra ára.

Efni: Lillemor, litur1: 3-3-3-4 dk, litur 2: 2 dk í öllum stærðum, 60 sm hringprjónar no 3,0 og 3,5, 7-8-8-9 tölur, prjónanælur.

Bolur

Fitjið upp 111-119-126-132 l á prjóna no 3,0 og prjónið brugðning 1 sl, 1 br, athugið að taka alltaf fyrstu lykkjuna óprjónaða af prjóninum, þannig myndast fallegur kantur. Prjónið alls 8-8-8-10 umf. Skiptið yfir á prjóna no 3,5 og aukið í fyrstu umferð út um 11-11-12-14 l (samtsals 122-130-138-146 l á prjóninum). Prjónið nú skv. mynsturleiðbeiningum þar til komnir eru 6-7-8-9 perluprjónsbekkir. Prjónið 3 umf sléttar með lit 1. Í næstu umferð merkjum við fyrir ermar með því að prjóna 32-34-36-38 l, setja 6 síðustu á prjónanælu, prjóna 64-68-72-76 l, setja 6 síðustu á prjónanælu, prjóna 26-28-30-32 l. Hvílið nú bolinn og prjónið ermar.

Ermar

Athugið að vel má prjóna ermarnar í hring ef vill. Fitjið upp 34-36-38-40 l á prjón no 3,0. Prjónið brugðning eins og á bolnum. Skiptið yfir á prjón no 3,5 og aukið í fyrstu umferð um 4-4-4-6 l jafnt yfir umferðina. Prjónið samkvæmt mynstri en aukið um leið í 6 hverri umferð um 2 l (eina

eftir fyrstu l umferðar og aðra á undan síðustu l umferðar). Aukið út þar til alls eru komnar 52-56-60-64 l á prjóninn. Prjónið áfram þar til komnir eru 7-8-9-10 perluprjónsbekkir og 4 umferðir með l i t

1 Setjið þá 3 fyrstu og 3 síðustu l umferðar á prjónanælu, hvílið ermna og prjónið aðra ermi eins.

Berustykki

Prjónið bol fram að prjónanælu, prjónið fyrri ermi við, prjónið bakstykki að næstu nælu, prjónið seinni ermi við og prjónið út umferðina (alls 202-218-234-250 l á prjóninum). Haldið mynsturprjóninu áfram. Nú hefst úrtaka og er hún alltaf gerð í fyrstu umferð eftir perlu-prjón. Prjónið alltaf fyrstu 3 l

sléttar, prjónið svo 2 l saman, *4-5-6-7 l sl, 2 l saman* endurtakið * * út umferðina. Í næstu úrtöku er einni lykkju færri á milli úrtaka, (*3-4-5-6 l sl 2 l saman* og endurtakið * *) þannig fækkar í hverri úrtöku um 1 l á milli úrtaka. Athugið að í stærð 3 eru tvær síðustu úrtökurnar með 4 l á milli og í stærð 4 eru 5 l á milli í síðustu 3 úrtökunum. Prjónið þar til alls eru komnir 4-5-6-7 perluprjónsbekkir á berustykkinu. Prjónið þá 2 umf með lit 1 skiptið yfir á prjón no 3,0, fækkið jafnt yfir umferðina þannig að 68-70-72-74 l eru á prjóninum og prjónið brugðning alls 4-6-6-8 umf. Fellið laust af.

Takið með prjón no 3,0 upp 62-71-78-88 l meðfram hægra framstykki fyrir drengi en vinstri fyrir stúlkur og prjónið brugðning 1 sl 1 br alls 6-7-7-8 umf, fellið laust af. Takið aftur sama fjölda á hinu framstykkinu en nú eru prjónuð hnappagöt eftir 2-3-3-4 umferðir, alls 7-8-8-9 sinnum, þannig að fyrst eru prjónaðar 3 l, svo 2 l saman, fitjaðar upp 2 l næsta l tekin óprjónuð og steyp yfir næstu l, prjónið 5-5-6-8 l og gerið aftur hnappagat, þannig eru alls 7-7-8-9 l á milli hnappagata. Nýju lykkjurnar eru prjónaðar sl og br eins og áður. Prjónið þar til alls eru komnar 6-7-7-8 umf, fellið laust af. Lykkjið saman undir höndum, gangið frá endum, skolið úr mildu sápuvatni og leggið til þerris.

Það gneistaði af Ármanni Höskuldssyni í Vöflukaffinu

Ármann Höskuldsson, prófessor í eldfjallafræði við Háskóla Íslands, var gestur í vöflukaffinu á Eyrarvegi 15 sl. laugardag. Erindi Ármanns var fróðlegt og skörulega flutt. Hann sýndi á glærum hvernig þessar hreyfingar á jarðskorpunni eiga sér stað á Reykjanesinu og fór síðan yfir þær áhættur sem samfélaginu stafa vegna þessara hreyfinga.

Hann sýndi skýringamyndir er útskýra jarðfræði Reykjanes-skagans í ljósi heimsmyndar jarðfræðinnar og þar kom fram að þær hreyfingar sem eiga sér stað á Reykjanesi þessa dagana, munu þessvegna vara næstu hundrað til hundrað og fimmtíu árin. Í ljósi breyttra aðstæðna og ógna við innviði landsins lagði hann áherslu á að við hugsum til framtíðar og byrjum nú þegar

að undirbúa komandi kynslóðir til að takast á við bæði spennandi og ógnvænlegt vandamál til lausnar og lágmörkunar á áhrifum á íslenskt samfélag.

Ármann var spurður fjölmargra spurninga um mögulegar afleiðingar á samfélagið á Suðvesturhorninu, taldi hann mikilvægt að stjórnvöld og vísindamenn í samtali við landsmenn vinni að lausnum og menntun framtíðarkynslóða til að glíma við vandamálin og byggja upp þekkingu og öryggi landsmönnum til heilla. Því að Ísland er ein stærsta eldstöð jarðarinnar.

Ármann er Vestur Skafftellingur að ætt. Sá frægi maður Gísli á Melhól var afi hans og var hann spurður um Kötlu. Hann sagði að af henni stafaði ekki mikil ógn, þegar hún gysi yrði vart mikillar flóðbylgju og



Ármann Höskuldsson, prófessor í eldfjallafræði. Mynd: Aðsend.

vegur færi og gjóskufall í einhverja daga, því mikilvægt að vakta hana. En hann taldi að Hekla svæfi næstu hundrað árin.

Guðni Ágústsson

Viltu vera partur af háskólasamfélaginu á Suðurlandi?

Háskólafélag Suðurlands tekur nú fyrstu skrefin í átt að atvinnubró sem snýr að því að efla og styrkja háskólasamfélagið á Suðurlandi. Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að tengja saman háskólasamfélagið, atvinnu-markaðinn og háskólanemendur og um leið efla nýsköpun, fjölga háskólamenntuðum á Suðurlandi og vonandi með tíð og tíma fjölga atvinnutækifærum.

Við teljum að með því að opna fyrir möguleikann á umræðu og þátttöku á sameiginlegum grundvelli séum við að útvíkka þjónustu okkar til nemenda og gefa þeim tækifæri til þess að hafa áhrif á fleiri þætti er varða þjónustu og framboð á háskólanámi á landsbyggðinni. Nemendabjónusta Háskólafélags Suðurlands í Fjölheimum á Selfossi veitir nemendum í stað- og fjarnámi margvíslega þjónustu í formi prófabjónustu,

verkefna- og lesaðstöðu og notalegt umhverfi til hópavinnu. Við viljum endilega auka aðgengi að háskólasamfélaginu og efla umræðu um háskólanám á Suðurlandi. Við bjóðum því sunnlenska nemendur velkomna í hópinn okkar. Hægt er að skanna QR kóðann á myndinni til að finna hópinn á Facebook.



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. með vísan í 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er til kynningar eftirfarandi aðalskipulagsbreyting:

1. Breyting á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 - Breyting á legu Selfosslínu 1
Ráðgjafafyrirtækið Efla, í samráði við Landsnet og sveitarfélögin Flóahrepp og Árborg, leggur fram tillögu að breyttu Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, á legu Selfosslínu 1, sem er kynnt hér; skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagalaga nr.123/2010. Lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, hefur verið kynnt almenningi frá 8. febrúar 2024, til og með 29. febrúar 2024. Samhliða var lýsing kynnt vegna sambærilegrar breytingar á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Land og Skógur, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, og Umhverfisstofnun. Umsagnir voru allar jákvæðar, en þó bendir Vegagerðin á að samráð skulu haft við hugsanlega legu strengs meðfram vegum og fjarlægð frá vegum. Tillagan er lögð fram til kynningar í 3 vikur, 30. gr. skipulagalaga nr. 123/2010, áður en Bæjarstjórn Árborgar samþykkir hana til auglýsingar.

Umfang breytingar: Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur. Nýr jarðstrengur mun í meginráttum liggja um Larsenstræti og fylgja nýrri legu Suðurlandsvegur norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3 km. Framkvæmdinni verður áfangaðskipt. Í fyrsta áfanga verður línun tekin niður frá tengivirki að mastri nr. 114. Síðari áfangar byggja á tilkomu nýrrar brúar yfir Ölfusá en línun verður hengd í brúna. Núverandi háspennulína og fyrirhugaður jarðstrengur liggja um Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Breytingin nær til þéttbýlis á Selfossi og dreifbýlis beggja vegna Ölfusár, norðan og austan við Selfoss. Breytingin nær einnig til dreifbýlis í Flóahreppi og samhliða er gerð breyting á aðalskipulagi Flóahrepps þar sem línun er sett í jörð. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi aðalskipulags. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu, sbr. tl. 13.02 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnin matstilkynning og send til Skipulagsstofnunar.

Stefna: Liggur milli tengivirkis á Selfossi og Ljósafossstöðvar. Heimilt er að setja línuna í jörð frá tengivirki á Selfossi að sveitarfélagsmörkum vestan við mastur nr. 99, sem er rétt norðan Hellisskógar og innan svfélagsins Ölfus. Núverandi háspennulína verður tekin niður og öll ummerki fjarlægð. Strengurinn kemur til með að liggja um nýja brú á Ölfusá. Stærð strengs getur verið allt að 132 kV. Við nákvæma útfærslu og hönnun á staðsetningu strengs er heimilt að hnika honum lítillega til. Vanda skal frágang að loknum framkvæmdum og eftir atvikum nýta gróðurortfur til þess. Helgunarsvæði jarðstrengs er alls 10 m. Heildarlengd strengs frá tengivirki á Selfossi að sveitarfélagsmörkum við Ölfus er um 3 km, þar af eru um 1,9 km í Árborg.

Valinn kostur: Selfosslína 1 verður sett í jörð og getur verið 132 kV. Ýtarleg skoðun á mögulegri legu hefur farið fram, í samráði við sveitarfélagið. Liggur strengurinn suður frá spennistöð meðfram Larsenstræti og norður með Gaulverjabæjarvegi. Yfir Suðurlandsveg við hringtorg og áfram til norðurs austan nýs vegar sem verður austan Austurvegar 69. Strengurinn mun liggja um Laugardælaland, austan nýs Suðurlandsvegur og yfir nýja brú á Ölfusá, og um Hellisskóg að sveitarfélagamörkum við mastur nr. 99. Hluti strengleiðar er í Flóahreppi.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

2. Tóftir L165567 - Deiliskipulag frístundahúsa
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi 6.3.2024 tillögu að deiliskipulagi í landi Tófta L165567. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 4 frístundahúsum, á tæplega 5ha spildu, sunnan Holtsvegur. Hvert frístundahús verður allt að 40m² með stærð, með hámarks mænishæð allt að 5m. Gert er ráð fyrir gistingu fyrir allt að 4 manns í hverju húsi. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036.

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi breyting á deiliskipulagi :

3. Norðurhólar 5 - Deiliskipulagsbreyting Verslunar- og þjónustulóðar og leikskóla lóðar
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi 6.3.2024, tillögu að breyttu deiliskipulagi verslunar- og þjónustulóðar auk leikskólalóðar í og við Norðurhóla 3 og 5, sem öðlaðist gildi 18.7.2007. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að deiliskipulagssvæðið stækkar til vesturs, þannig að lóðin Norðurhólar 5, (verslunar- og þjónustulóð) verður að öllu leyti innan marka deiliskipulagssvæðisins. Markmið skipulagsbreytingar er að skilgreina breyttar lóðarstærðir, byggingarreiði, byggingarheimildir, þakform og hæðir fyrir lóðirnar Norðurhólar 3 og 5. Á Lóðinni Norðurhólar 3 er gert ráð fyrir stækkun lóðar(verður 10.145m²) og aukið byggingarmagn á einni hæð, upp á 2.300m². Bilastæðfjöldi verður 49. Göngustígar verða allan hringin í kringum báðar lóðir, sem auðveldar allt aðgengi á svæðinu. Á Lóðinni Norðurhólar 5 er gert ráð fyrir stærð lóðar upp á 5.156m² auk byggingarmagns upp á rúma 2800m². Hæðir byggingar geta verið frá 1-3, og skal efsta hæð vera inndregin. Hámarks byggingarmagn með kjallara er allt að 3800m². Mesta hæð byggingar allt að 12.0m. Auk bilastæða á lóð, verður gert ráð fyrir allt að 6 hleðslustæðum fyrir rafbíla. Lóðin Norðurhólar 3 er skilgreind í gildandi aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, sem samfélagsþjónusta (S 11), og Norðurhólar 5, er skilgreind sem verslunar- og þjónustulóð (Vb 9)

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Skipulagstillaga nr. 1, er í kynningu frá 13. mars 2024, til og með 3. apríl 2024. Þeir aðilar sem hafa athugasemdir eða ábendingar hafa frest til og með 3. apríl 2024, til að skila inn til skipulagsfulltrúa (runarg@arborg.is), eða á www.skipulag@arborg.is.

Skipulagstillögur nr. 2-3 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 13. mars 2024, til og með 24. apríl 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 24. apríl 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið www.skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Óskum eftir vönum vélamanni!



Strá ehf
Véla- og vélavörðun
866 6766
stra@straehf.is

Fjölbreytt verkefni framundan
Jarðvinna – Gröfuvinna – Heyskapur
Lyftaravinna – Snjómokstur o.fl.

Aðalfundur Slysavarnardeildarinnar Tryggva
á Selfossi verður haldinn miðvikudaginn 20. mars
nk. kl. 20:00 að Árvegi 1, Selfossi.

Dagskrá: Venjuleg
aðalfundarstörf

Nýir félagar velkomnir

Stjórnin



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
TRYGGVI**



**FJÁRÖFLUN
3. - 4.FLOKKUR
SELFOSS FÓTBOLTI**

Páskaboltinn stútfullur af girnilegu súkkulaði
og nammi - m.a. þristur, kúlusúkk og fleira!
4.500 kr (900 gr)

Frí Heimsending ef pöntun er send með sms 8203887
Greitt við afhendingu.
Einnig til Sölu Hjá Almar Bakara

**TAKK FYRIR
STUÐNINGINN**



Afsláttarmiði að andvirði **20%** hjá Krisp og
15% hjá Almar bakara fylgir með á kassa.

Hegðun og líðan barna – fræði í framkvæmd

Katrín Þrastardóttir, teymis-
stjóri ART-teymis Suðurlands, stendur fyrir ráðstefnunni *Hegðun og líðan barna – fræði í framkvæmd*, sem fram fer í Hótel Selfossi þann 11. apríl nk. Blaðamaður Dagskrárinnar náði tali af Katrínu og fékk að vita meira um ráðstefnuna.

Aðalverkefni ART-teymisins, sem samanstendur af Katrínu, Guðrínu Herborgu Hergeirsdóttur og Álfheiði Ingólfsdóttur, er að halda úti fjölskyldu-ART, en það er úrræði fyrir fjölskyldur barna með hegðunar- og/ eða tilfinningavanda. „Helsta markmið Fjölskyldu ART er að draga úr hegðunarvanda barna og bæta líðan þeirra með því að styrkja samskiptafærni fjölskyldunnar, auka tilfinningalegt læsi og tilfinningastjórnun og skerpa á gildum. Að auki heldur ART-teymi Suðurlands utan um þjálfun ART-þjálfara á Íslandi og höldum við réttindanámskeið í janúar og í ágúst ár hvert,“ segir Katrín.

„Hvað ef við höldum hana bara sjálfar?“

Aðspurð um hver hvatinn að ráðstefnunni hafi verið segir Katrín að þær í teyminu hafi sjálfar langað að komast á ráðstefnu þar sem fjallað væri um hegðun og líðan barna en fljótlega komist að því að ekkert slíkt væri í boði. „Þá kviknaði þessi hugmynd, hvað ef við höldum hana bara sjálfar?“ segir Katrín og hlær. „Við hugsuðum með okkur að við í teyminu myndum ná að slá tvær flugur í einu höggi. Við gætum vakið athygli á ART á Íslandi, kynnt fjölskyldu ART og teymið en á sama tíma fengið að kynnast öðrum leiðum, en dagskráin er mjög fjölbreytt,“ bætir hún við.

„Við erum ansi stoltar af dagskránni en hún er þétt og uppfull af frábæru fagfólki. Talað verður um hegðun og líðan barna frá ýmsum sjónarhornum. Meðal annars verður fjallað um ART, hegðun og líðan transbarna, áföll og tengsl, ofbeldi, einhverfu, veikindi foreldra og svo



Katrín Þrastardóttir, teymisstjóri ART-teymis Suðurlands. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún.

mætti áfam telja. Við munum svo bjóða upp á dýrindis hádegisverð á Riverside restaurant og bjóðum í drykk á Risinu vínbar að ráðstefnu lokinni. Ég hvet öll til að skoða dagskránni á www.isart.is eða á Facebook-síðu viðburðarins,“ segir Katrín.

Árangursríkar aðferðir, byggðar á fræðilegum grunni

Katrín segir titilinn *Hegðun og líðan barna* hafa fæðst snemma og í upphafi verið vinnutitill. „Fræði í framkvæmd bætist svo fljótt við en ég vildi hafa titilinn lýsandi fyrir efnistök ráðstefnunnar og hefur markmiðið allan tímann verið að fá fyrirlesara sem eru að segja frá hvernig er hægt að takast á við hegðun og líðan barna með árangursríkum aðferðum sem byggja á fræðilegum grunni.“

Frábær vettvangur til að víkka sjónvæðingarringinn og læra eitthvað nýtt

„Við vonumst eftir því að ráðstefnugestir komi út fullir af eldmóði til þess að gera sitt allra besta þegar þeir mæta börnunum okkar, hegðun þeirra og tilfinningum. Við sem vinnum að velferð barna verðum að muna að við erum kerfið og við þurfum að tryggja að kerfið mæti öllum börnum með árangursríkum leiðum. Ráðstefnan er vettvangur til þess að kynnast nýjum leiðum eða dusta rykið af leiðum sem við fagfólk þekkjum nú þegar. Við viljum fá öll sem

hafa áhuga á hegðun og líðan barna. Ráðstefnan er frábær fyrir fagfólk sem vill styrkja sig í starfi, víkka sjónvæðingarringinn og læra eitthvað nýtt. Eins er hún gagnleg fyrir foreldra,“ bætir Katrín við.

Katrín bindur vonir við að fagfólk úr öllum stéttum sem vinni með börnum leggi leið sína á ráðstefnuna og nefnir sem dæmi starfsfólk úr skólum, skóla- og velferðarþjónustu, heilbrigðisþjónustu og lög-gæslu.

„Það sem við veitum athygli vex“

Erindi Katrínar á ráðstefnunni fjallar um að færa kastljósið af neikvæðri hegðun barna yfir á þá jákvæðu. „Við erum ansi dugleg að segja börnum hvað þau eiga ekki að gera, hvernig á ekki að fara með skap sitt og tilfinningar. Það gleymist gjarnan að leiðbeina þeim um hvað þau eiga að gera í staðinn, hvernig þau eigi að takast á við erfiðar tilfinningar og mótlæti. Það er mikið gagnlegra að þjálfra rétta hegðun heldur en að hamast við að fá þau til að hætta óhjálflegri hegðun. Ég mun fara í hvernig hægt er að færa kastljósið af neikvæðri hegðun yfir á þá jákvæðu og hvernig það sem við veitum athygli vex,“ segir Katrín að lokum.

Miðasala á ráðstefnuna fer fram á tix.is og dagskrána er að finna á heimasíðu ART teymisins www.isart.is. **HGL**

Lóan er komin

Opíð fyrir umsóknir um styrki úr Lóu-Nýsköpunarstyrkjum fyrir landsbyggðina

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um styrki úr Lóu. Hlutverk Lóu er að styrkja nýsköpun á landsbyggðinni sem hafa það hlutverk að styðja við eflingu byggða og landshluta með nýskapandi verkefnum. Er styrkjumunum aðeins úthlutað til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins í þeim tilgangi að styðja við atvinnulíf og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni.

Lóu styrkir eru veittir verkefnum sem komin eru af byrjunarstigi samkvæmt skilgreiningu OECD þar sem að nýsköpun er skilgreind sem innleiðing nýrrar eða mjög endurbættar vöru, þjónustu eða ferils, nýttar aðferðar til markaðssetningar eða nýttar skipulagsaðferðar í viðskiptaháttum, skipulagi á vinnustað eða ytri samskiptum.

Styrkjumunum er úthlutað til eins árs í senn og getur hvert verkefni fengið styrk sem að nemur allt að 20% af heildarúthlutun hvers árs. Í ár er heildarfjárhæð Lóu 150

m.kr. sem er hækkun frá fyrri árum þegar að upphæðin var 100 m.kr. Að hámarki geta 50 m.kr. farið til verkefna sem tengjast stuðningsumhverfi nýsköpunar, þar sem a.m.k. 100 m.kr. af heildarúthlutun verður úthlutað beint til verkefna á vegum einkaaðila. Krafa er gerð um að lágmarki 30% mótframlag frá umsækjanda og samstarfsaðilum (ef við á).

Umsóknarfrestur í Lóu er til og með 4. apríl 2024. Áætlað er að úthlutun fari fram í maí.

Umsónir í Lóu berist rafrænt á minarsidur.hvin.is **SASS**



Úrval af feringagjöfum og handgerðum kortum. Veldu vörur og við búum til gjafakörfu fyrir þig.

Austurvegur 44, Selfoss
Sími: 7754132
Opíð: Mán - Föst 11 - 18.30
Laug 11 - 17
Maden in Island.is





Sputh Central leitar að öflugum einstaklingum í vinnu frá byrjun maí

Helstu verkefni eru:
Herbergjaprif
Þvottahúsvinna
Önnur tilfallandi verkefni

Viðkomandi þarf að hafa bílpróf og jákvætt viðhorf.

Áhugasamir hafi samband við Ragnhildi í síma 823 3999

Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar 2023



Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar verður haldinn í safnaðarheimili Selfosskirkju fimmtudaginn 21. mars kl. 17:00.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:
Málefni sóknarinnar verða þar rædd, starfsskil og reikningsskil sóknarnefndar sem og verkefni og starf næsta starfsárs.
Dagskrá fundarins er með þessum hætti (sbr. Starfsreglur um sóknarnefndir www2.kirkjan.is/node/11364):

- Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
- Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
- Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
- Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
- Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
- Önnur mál.

Sjá nánar www.selfosskirkja.is

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra



Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar skipulagsáforma að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028.

Tindasel, ferðapjónusta. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. mars 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 til stækkunar á núverandi verslunar- og þjónustusvæði í Tindaseli 1 og 2. Áform gera ráð fyrir móttöku allt að 200 gesta, byggingar hótels og gistaðstöðu ásamt veitingasölu og að auki bættri aðstöðu fyrir starfsfólk og gistingu fyrir starfsfólk. Aðkoman að svæðinu er af Rangárvallavegi (264).

Heimahagi L206436. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. mars 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 á lóðinni Heimahagi L206436 þar sem núverandi landbúnaðarsvæði verði gert að frístundasvæði. Áform eru um uppbyggingu fyrir allt að 30 frístundahús. Aðkoman er skilgreind frá Árbæjarvegi nr. 271.

Aðalsel, Háasel, Mósél, Sel og Vestursel. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. mars 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir lóðirnar Aðalsel, Háasel, Mósél, Sel og Vestursel þar sem núverandi frístundasvæði verði fært til landbúnaðar að nýju. Aukist hefur áhugi landeigenda að fá búseturétt á landspildum sínum og stunda þar minniháttar búskap eða aðra starfsemi. Þá hafa fjarskipti batnað verulega með lagningu ljósleiðara, og þá möguleikar á fjarvinnu í mörgum atvinnugreinum. Innan lóða verður heimilt að byggja í samræmi við skilmála landbúnaðarlands, eins og er heimilað í gildandi aðalskipulagi. Aðkoma að svæðinu er af Bjallavegi (272) um heimreið Lækjarsels.

Lýsingarnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 28. mars 2024.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum

Móholt og Hrafnaping, Rangárþingi ytra, Deiliskipulag

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. mars 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Móholt 1, L205150 og Hrafnaping L233392. Markmið deiliskipulagsins er að skilgreina tvær lóðir á landi Hrafnaping L233392 og skilgreina á þeim byggingarreiti fyrir vélageymslur og gripahús og skilgreina byggingarreit á lóðinni Móholt 1, L205150 fyrir íbúðarhús, baðhús og gestahús og bílskúr. Aðkoma að lóðunum er frá Þykkvabæjarvegi nr. 25.

Árbakki, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 13. mars 2024 að auglýsa breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Árbakka dags. 6.12.2006. Eigendur lóðanna Árbakki lóð 41 - L214332, Árbakki lóð 43 - L214332, Árbakki lóð 45 - L214335, Árbakki lóð 40 - L214331, Árbakki lóð 42 - L214333, Árbakki lóð 44 - L220921 og Árbakki lóð 46, L220922 hafa óskað eftir að byggingareitir verði færðir til innan lóða, örlitlar leiðréttingar gerðar á afmörkun og stærðum lóða og vegakerfi uppfært í takt við núverandi legu vega innan svæðisins. Að auki er kvóð sett á lóðir nr. 40, 42, 44 og 46 um aðkomu að lóðum nr. 41, 43 og 45. Aðkoma að svæðinu er frá Árbæjarvegi.

Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögu og er frestur til að skila inn athugasemdum til 25. apríl 2024.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

KIRKJA

Selfosskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 17. mars kl. 20:00 með hjónunum Valgeiri Guðjónssyni og Ástu Krístrúnu Ragnarsdóttur. Kirkjukór og Unglingakór syngja einnig, stjórnandi Edit A. Molnár og prestur Guðbjörg Arnardóttir. Sunnudagaskóli kl. 11, umsjón Sjöfn, Dóra og Katrín. Stjórnu-kórinn syngur í sunnudagaskólanum. Þriðjudagssamvera 19. mars. Gestur Drífa Hjartardóttir forseti kirkjupings og fyrrum þingkona. Morgunbænir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Hraungerðiskirkja

Guðspjónusta sunnudaginn 17. mars kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Eyrarbyggjakirkja

Guðspjónusta sunnudaginn 17. mars kl. 11:00. Kammerkór Eyrarbyggjakirkju syngur, einsöng syngur Gunnlaugur Bjarnason, organisti Pétur Núi Stefánsson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Mosfellskirkja

Miðvikudaginn 20. mars kl. 20 verður síðasta föstumessa á þessu ári. Píslarsaga guðspjallanna lesin og prestur flytur hugleiðingu. Prestspjónusta sr. Axel Á Njarðvík. Organisti Jón Bjarnason.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudagar: Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar kl. 11:00. English translation available. Mánudagar: Bæn og lestur kl. 17. Miðvikudagar: Unglingasamkomur fyrir 13 ára og eldri kl. 20. Fimmtudagar: HeiVá MINI 10-12 ára kl. 14-15. www.selfossgospel.is

ÞJÓNUSTA

Smiður óskar eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald í heimahúsum og sumarhúsum á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi eða Hveragerði. Dagvinna, kvöldvinna og/eða helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á eldhúsinnrétingum, gips, málun o.fl. Nánari uppl. í síma 777 2265.

HEILSA

Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót vandamála líkamlegra sem andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar m.a. til að sjá líðna atburði og jafvel fyrri lífi! – Hvar varst þú í fyrri lífi?

Einkatímar, en einnig er hægt að bóka fyrir hópa í heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf, nudd og svæðanudd.

Bókanir á heilsulindheidars@simnet.is eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson



Stöðum Wok On á höfuðborgarsvæðinu og í Gróðurhúsinu í Hveragerði var lokað í tengslum við aðgerðir lögreglu. Ljósmynd: Wok On.

Sex í haldi lögreglu eftir umfangsmiklar aðgerðir

Þrír karlar og þrjár konur eru í haldi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eftir umfangsmiklar aðgerðir í síðustu viku, en krafist var vikulangs gæsluvarðhalds yfir þeim öllum á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Þetta segir í tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Tílefni aðgerðanna er rökstuddur grunur um mansal, peningabætti, brotum á atvinnuréttindum útlendinga og gruns um skipulagða brotastarfsemi. Aðgerðirnar, sem fóru fram á Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og víðar, stóðu yfir allan daginn og gengu vel fyrir sig. Við rannsókn málsins hefur verið rætt við töluvert af fólki sem grunsemdir eru um að séu þolendur mansals.

Viðamikilð samstarf

Á annað hundrað manns tóku þátt í aðgerðunum, þar af um áttatíu starfsmenn lögreglu og nokkur fjöldi starfsfólks stofnana og félagasamtaka sem veittu liðsinni við aðgerðirnar. Samtals voru framkvæmdar um tuttugu og fimm húsleitir.

Aðgerðirnar eru unnar í samvinnu við lögregluliðin á Suðurlandi, Suðurnesjum og Norðurlandi eystra, embætti ríkislögreglustjóra, Tollgæsluna, Útlendingastofnun, Vinnuálastofnun, ASÍ, velferðarsvið Reykjavíkurborgar, barnaverndaryfirvöld í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, félagsþjónustuna í Kópavogi og Hafnarfirði, heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Bjarkarhlíð.

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Vöflukaffi

Laugardaginn 16. mars
kl. 11-12 Eyravegi 15
Selfossi. Gestur Halldóra
Fríða Þorvaldsdóttir oddviti
Framsóknar í Reykja-
nesbæ. Minnum einnig á
framsóknarvístina sama
stað mánudaga kl. 19:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSEL

Opin fimmtudaginn
14. mars kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 14. mars kl. 14:45.
Ingunn Guðmundsdóttir
umboðsm. Trygginga-
stofnunar

Fim. 21. mars kl. 14:45.
Jón Þór Birgisson segir frá
ævintýrum á Grænlandi.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun

Jákvæðar
hugsanir breyta
deginum

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Farsími
693 2197
ragnhildurgagga.is



Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistar,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



Frá
Selfosskirkju



Kvöldmessa sunnudaginn 17. mars kl. 20:00
með hjónunum Valgeiri Guðjónssyni og Ástu
Krístrúnu Ragnarsdóttur.

Kirkjukór og Unglingakór syngja einnig,
stjórnandi Edit A. Molnár og prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Sunnudagaskóli sama dag kl. 11:00, umsjón
Sjöfn, Dóra og Katrín. Stjórnu-kórinn syngur
í sunnudagaskólanum, sjórnendur Edit og
Kolbrún Hulda.

Þriðjudagssamvera þriðjudaginn 19. mars.
Gestur Drífa Hjartardóttir forseti kirkjupings og
fyrrum þingkona.



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í
auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Kæru foreldrar/forráðamenn barna í 1.-4. bekk

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á frístundaheimili Árborgar fyrir næsta skólaár, 2024-2025. Umsóknir eru framkvæmdar á Völu inni á vala.is.

Athugið að vistun flyst ekki á milli ára og því þarf að sækja um að nýju ef þið ætlið ykkur að nýta frístund aftur á næsta skólaári.

Síðasti dagur vetrarfrístundar þessa skólaárs, 2023-2024, verður 6. júní n.k. sem er dagur skólaslita. Þar eftir detta allir þátttakendur út af lista.

Við bendum ykkur á að börn sem eru að fara í 3. og 4. bekk sækja um í safnfrístundinni, Eldheimum.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

**1. Flóahreppur og Árborg; Selfosslína 1; Breytt lega loftlínu SE1;
Aðalskipulagsbreyting - 2311074**

Lögd er fram til kynningar tillaga að breyttu aðalskipulagi Flóahrepps er varðar breytta legu raflínu innan aðalskipulags Flóahrepps og Árborgar. Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur. Nýr jarðstrengur mun í meginráttum liggja um Larsensstræti og fylgja nýrri legu Suðurlandsvegur norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3 km. Framkvæmdinni verður áfangaskipt. Í fyrsta áfanga verður línan tekin niður frá tengivirki að mastri nr. 114. Síðari áfangar byggja á tilkomu nýrrar brúar yfir Ölfusá en línan verður hengd í brúna. Núverandi háspennulína og fyrirhugaður jarðstrengur liggja um Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Breytingin tekur því til dreifbýlis í Flóahreppi þar sem gert er ráð fyrir því að línan verði sett í jörð auk þess sem gert er breyting á aðalskipulagi Árborgar sem nær til þéttbýlis á Selfossi og dreifbýlis beggja vegna Ölfusár, norðan og austan við Selfoss. Samhliða eru sveitarfélagsmörk innan aðalskipulags Flóahrepps leiðrétt í takt við skilgreind mörk sveitarfélaganna innan aðalskipulags Árborgar. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi aðalskipulags. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu, sbr. tl. 13.02 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnin matstilkynning og send til Skipulagsstofnunar.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

2. Íshellir í Langjökli; Skilgreining afþreyingar- og ferðamannasvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2304027

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 7. febrúar 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningu nýs afbreytingar- og ferðamannasvæðis á Langjökli þar sem áætlað er að heimilt verði að útbúa manngerðan íshelli. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður gert nýtt deiliskipulag þar sem gerð verður grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun og landnýtingu, skilgreind lóð fyrir manngerðan íshelli sem verður nýttur til ferðaþjónustustarfsemi og vernd náttúru- og menningarminjar. Svæðið sem um ræðir fyrir íshellinn er innan þjóðlendu og er í um 1.100 m h.y.s. og er ofan jafnvægislínu í suðurhlíðum Langjökuls. Fyrirhugaður íshellir er alfarið utan hverfisverndaðs svæðis við Jarlhettur. Skipulagssvæðið er alfarið á jökli og er aðkoma að jöklinum eftir vegi F336 sem tengist vegi nr. 35, Kjalavegi, á Bláfellshálsi.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

3. Hjálmholt lóð L211050; Hjálmholtsnáma í Merkurhrauni; Deiliskipulag - 2402021

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til efnistökusvæðis E6, Hjálmholtsnámu, sem er staðsett í Merkurhrauni á lóð úr landi Hjálmholtis (L211050) við Skeiða- og Hrunamannaveg, um tvo km ofan Þjóðveg 1. Efni hefur verið unnið í Hjálmholtsnámu frá því um 1980 og er núverandi stærð námunnar um 12 ha. Efni úr námunni er aðallega nýtt í húsgrunna og vegaframkvæmdir á Suðurlandsundirlendinu. Til stendur að vinna allt að 150.000 m³ á allt að 25 ha svæði í samræmi við gildandi aðalskipulag Flóahrepps.

4. Nesjavellir L170925; Nesjavallavirkjun; Deiliskipulag – 2310056

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. mars 2024 að auglýsa skipulagstillögu sem tekur til heildarendurskoðunar á deiliskipulagi Nesjavallavirkjunar í Grímsnes- og Grafningsshreppi. Endurskoðunin er m.a. til komin vegna væntanlegrar fjölgunar á borholum og staðarvali fyrir niðurdælingu þar sem í gildandi deiliskipulagi er takmarkað svigrúm fyrir frekari viðhaldsboranir. Í tengslum við þessar breytingar er afmörkun skipulagssvæðisins endurskoðuð í samræmi við breytta afmörkun iðnaðarsvæðis og hverfisverndar í aðalskipulagi. Þá verða færð inn í deiliskipulagið þau mannvirki og lagnir sem byggð hafa verið á síðustu 10 árum ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tímabilinu.

5. Hraunkot; Hraunborgir; Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag - 2205021

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. mars 2024 að auglýsa skipulagstillögu sem tekur til heildarendurskoðunar á deiliskipulagi frístundasvæðis í Fraunkoti. Við gildistöku nýs deiliskipulags er gert ráð fyrir því að núverandi skipulag svæðisins falli úr gildi. Í breytingunni felst meðal annars fjölgun lóða. Stærðum aðalhúss og geymslu- og gestahúsa er breytt og þau stækkuð. Skipulagssvæðin eru tvö í dag, A og B, en verða sameinuð í eitt skipulagssvæði auk þess sem þjónustuhús og golfvöllur svæðisins hafa verið tekin inn í skipulagið. Tillagan var áður auglýst 9.2.23 - 24.3.23 en sökum breytinga sem gerðar voru á skipulagstillögunni eftir auglýsingu tók sveitarstjórn ákvörðun um að auglýsa málið að nýju.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.blaskogabyggd.is www.floahreppur.is og www.gogga.is

Mál 1 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 14. mars 2024 með athugasemda-
fresti til og með 4. apríl 2024.

Mál 2 - 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 14. mars 2024 með athugasemdafrest til og með 26. apríl 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagssstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU



Ný ásjón gamla Húsasmiðjuhússins, horft að bílaapóteki Lyfjaval. Mynd: Arkís arkitektar

Lyfjaval opnar útibú á Selfossi

„Svona byrjar alltaf sem samtali manna á milli. Húsaeigandinn nálgast okkur þar sem hann veit að höfum áhuga á að fjölga apótekum,“ segir Svanur Valgeirsson, framkvæmdastjóri Lyfjaval í samtali við Dag-skrána en Lyfjaval vinnur nú að opnun útibús í endurnýjuðu verslunarrými þar sem Húsasmiðjan var áður hýst, að Eyra-vegi 42 á Selfossi.

„Húseigandinn sýndi okkur spennandi teikningar og ekki skemmdi fyrir að Nettó hafði þegar samið um að vera í húsinu, auk þess sem Hraðhleðslustöðvar Orkunnar koma á planinu. Við fórum svo að hléra íbúa á Selfossi og urðum strax spennnt því við fundum fyrir miklum áhuga,“ bætir Svanur við.

Aðspurður hvers vegna Selfoss hafi orðið fyrir valinu, segir Svanur húsakostinn eiga þar stóran þátt. „Fólk sýndi okkur mikinn áhuga og svo er bara svo margt spennandi og skemmti-

legt að gerast á svæðinu. Uppbyggingin hefur verið ótrúlega mikil og það er alltaf gaman að vinna með þeim sem hugsa stórt og vilja vel.“

Þægindi og langur opnunartími
Svanur segir bílalúgurnar þeirra sérstöðu á markaðnum í dag. „Og ég er ekki í vafa um að heimamenn munu kunna að meta þá þjónustu. Við heyrum að margir kunna að meta það að sitja í bílnum þegar ræða þarf við lyfjafræðinginn eða biðja um eitthvað ákveðið. Það er meira næði sem fæst í bílalúgunni. Það stendur enginn fyrir aftan þig og er að hlusta þegar þú þarft að biðja um eitthvað eða spyrja ráða. Stundum er fólk með börn í bílnum og þægilegt að þurfa að ekki taka þau úr bílstólum. Fullorðið fólk, eða hver sem er, sem á erfitt með gata sér þægindin við þetta og svo er þetta fljótlega en að fara einhvers staðar inn. Fólk finnst

það biðna skemur þegar það getur setið og hlustað á útvarpið eða flett í gegnum smáforrit í símanum sínum meðan það bíður eftir að varan sé sótt eða lyfseðillinn afgreiddur. Við bjóðum upp á langan opnunartíma og svo reynum við, bara eins og flestir aðrir, að vanda okkur í því sem við gerum. Við erum í heilbrigðisþjónustu og því fylgir ábyrgð sem við tökum alvarlega.“

Svanur segist vonast til þess að þau nái að opna með hausti- nu, gangi framkvæmdir vel. „Það er auðvitað margt sem þarf að gera til að koma byggingunni í gott stand, koma fyrir þremur bílalúgum og græja verslunina inni.“

„Nú erum við nýfarin að auglýsa eftir fólki. Fyrsta skrefið verður að ráða lyfsöluleyfis- hafa og aðra lyfjafræðinga með honum, svo fólk í afgreiðslu. Þetta er mjög spennandi og við hlökkum mikið til,“ segir Svanur að lokum. **HGL**

Versluninni Borg lokað

„Jæja góðir hlutir gerast hratt og þeir sem eru síðri oft mun hraðar. Nú er staðan sú að í dag er síðasti dagurinn sem verslunin er opin. Við ætluðum að hafa opið á meðan eitthvað væri til og í lok dags verður það ekki neitt. Við kveðjum með tak fyrir

brjóstinu og klökkva,“ sagði í færslu sem þau Björg, Doddi, Sigurjón og Sigga í Versluninni Borg í Grímsnesi sendu frá sér sl. föstudag, síðasta opnunardaginn.

Þau hafa rekið verslunina undanfarin rúm 4 ár og segjast

á þeim tíma hafa kynnst mikið af frábæru fólki sem þau komi til með að sakna sárt og kveðji með hjartað fullt af kærleik, sem þau hafi sannarlega upplifað þar á bæ. **HGL**



Mynd: Aðsend.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HSH
Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,
Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com

BYKO Selfossi
Fæst hjá
BRAC AF VINÁTTU!
Jósera

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS
Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is